

**Sveitarfélagið Skagafjörður.**  
**96. fundur – atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar**  
**haldinn með fjarfundabúnaði, mánudaginn 17. janúar 2022**  
**og hófst hann kl. 15:00**

**Fundinn sátu:**

Gunnsteinn Björnsson, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóhanna Ey Harðardóttir, Auður Björk Birgisdóttir og Heba Guðmundsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Heba Guðmundsdóttir, Verkefnastjóri.

Fundurinn fór fram með fjarfundabúnaði.

**Dagskrá:**

**1. Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2021-2022 - 2112186**

*Tekið fyrir erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dagsett 21. desember 2021, vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2021/2022. Úthlutaður byggðakvóti til Sveitarfélagsins Skagafjarðar er 155 tonn sem skiptast þannig: Hofsó 15 tonn, Sauðárkrókur 140 tonn. Ráðuneytið óskar eftir rökstuddum tillögum varðandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðalaga. Tillögum skal skilað fyrir 21. janúar 2022.*

*Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd leggur til eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022 í Sveitarfélaginu Skagafirði:*

1.  
*Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður: "Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 14 þorskígildistonn á skip."*

2.  
*Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu. Til vara að bátar undir 50 brúttótonnum fái undanþágu frá löndun til vinnslu.*

3.  
*Þá leggur atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd til að ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins.*

*Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd felur starfsmönnum nefndarinnar að senda inn ofangreindar tillögur ásamt rökstuðningi.*

*Samþykkt*

**2. Styrkbeiðni vegna starfsemi á árinu 2022 - 2201145**

*Tekin fyrir styrkbeiðni frá Kristni Hugasyni fyrir hönd Söguseturs íslenska hestsins*

*dagsett 14. janúar 2022.*

*Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd samþykkir að veita 1.500.000 kr.  
Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:25.**

---

Gunnsteinn Björnsson

---

Ingibjörg Huld Þórðardóttir

---

Jóhanna Ey Harðardóttir

---

Auður Björk Birgisdóttir

---

Heba Guðmundsdóttir